SIGURÐUR KONRÁÐSSON

Um samstarf Íslenskrar málnefndar og skóla

Greinargerð á norræna málnefndaþinginu 2003.
Þingið fjallaði um málrækt og skóla. –Ritstj.

1. Íslensk málnefnd heldur árlega málræktarþing í tengslum við dag íslenskrar tungu 16. nóvember. Árið 1999 bar þingið heitið „Íslenskt mál og menntun“ og var haldið 20. nóvember. Málræktarþingið var haldið í samvinnu við Samtök móðurmálskennara og Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Björn Bjarnason menntamálaráðherra ávarpaði þingið en auk hans fluttu erindi deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, auk kennara á öllum skólastigum (sjá *Málfregnir* 17-18). Efni þingsins tók nokkurt mið af því að þetta ár voru gefnar út námskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Í lok ráðstefnunnar ræddu frummælendur og þinggestir saman um þetta efni. Umræður voru hreinskiptnar og gagnlegar. Eins og oft vill verða var mest rætt um það sem betur mátti fara við gerð námskráa. Ávinningurinn af þingum sem þessum er sennilega sá helstur að kennarar á mismunandi skólastigum fá tækifæri til þess að hittast og bera saman bækur sínar.

2. Íslensk málnefnd hefur verið aðili að degi íslenskrar tungu frá upphafi, árið 1996. Nú hefur Íslensk málstöð tekið að sér að standa að framkvæmd hátíðarhalda í tilefni dagsins fyrir menntamálaráðuneytið. Áhrif dags íslenskrar tungu eru ótvíræð í samfélaginu. En hvergi eru þau jafn áberandi og í grunnskólanum. Í mörgum skólum er mikill metnaður lagður í allan undirbúning misjafnlega viðamikillar dagskrár. Mestu skiptir að hér nýtur sköpunargleði og hugkvæmni kennara og nemenda sín í ríkum mæli. Á heimasíðu verkefnisins eru nefnd ýmis dæmi um verkefni. Nefna mætti sem dæmi ljóðalestur, upplestrarkeppni, ritunarsamkeppni, verðlaun og viðurkenningar, handritasýningar, samkomur af ýmsum toga, tónlistarflutning þar sem einungis væri sungið á íslensku, upplestur úr nýjum eða eldri bókum o.m.fl.

3. Stóra upplestrarkeppnin hefur skapað sér sess í íslensku skólalífi á síðastliðnum áratug. Nú er svo komið að langflestir skólar um land allt taka þátt í henni. Frumkvæðið kom frá kennurum í Kennaraháskóla Íslands sem tókst að virkja grunnskóla til starfsins með aðstoð menntamálaráðuneytis, sveitarfélaga og ýmissa stofnana, þar á meðal Íslenskrar málstöðvar.

4. Íslensk málnefnd og málstöð lögðu Mjólkursamsölunni lið í tengslum við svokallað Fernuflug, samkeppni meðal barna um texta til birtingar á mjólkurumbúðum.

5. Í lögum um nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd, segir að hún skuli gefa út stafsetningarorðabók. Árið 1989 var *Réttritunarorðabók handa grunnskólum* gefin út. Hún var miðuð við notkun í grunnskólum og var afar vel tekið. Reynslan af notkun hennar hefur verið góð. Gallinn var bara sá að bókin var allt of lítil (um 14.500 flettiorð). Nú er unnið að því í Íslenskri málstöð að taka saman nýja orðabók og í henni verða um 95.000 orð.

6. Í Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2002-2005 (http://www.ismal.hi.is/Stefnuskra 2002-2005.html) segir að málnefndin telji afar brýnt að leggja rækt við börn og unglinga í málfarslegu efni. Ástæðurnar eru meðal annars greiður aðgangur æ fleiri að Netinu, erlendum sjónvarpsstöðvum, leikjatölvum o.þ.h. þar sem tungumálið, sem notað er, er að verulegu leyti enska.

Í stefnuskrá Íslenskrar málnefndar er lagt til að stutt verði við fjölmörg verkefni sem á einn eða annan hátt tengjast máli og málnotkun barna og unglinga. Nefna má þetta:

- Vekja börn og unglinga til vitundar um íslensku og tungumálaaðstæður almennt og að stuðla að þjálfun í íslenskri málnotkun.
- Styðja við íslenska bókmenntasköpun, ekki síst barna- og unglingabókmenntir, og vekja börn til vitundar um sköpunarmátt tungumálsins. Þetta má t.d. gera með því að efna til bókmenntaþings ungra lesenda.
- Hvatt er til þess að nýyrðasamkeppni verði komið á fót meðal barna og unglinga og enn fremur verði veitt verðlaun fyrir bestu heimasíðuna.
- Gagnvirk rafræn próf eða getraunir í málnotkun og stafsetningu.
- Sjónvarpsstöðvar hvattar til dagskrárgerðar um vísindi og samfélag fyrir börn.

7. Einnig er lagt til að málnefnd beiti sér fyrir því að samin verði upplýsinga- og vinnuhefti með verkefnum þar sem vakin er athygli á notkun íslensku og sambandinu við enska tungu, sbr. norska heftið *Norsk – i nye tusen år?* (http://www.sprakrad.no/tusen.htm). Enn fremur handbók um málnotkun í víðum skilningi svipuð *Politikens Nudansk håndbog* þar sem umfjöllunarefni verði m.a. ólíkur stíll, ólík ritunarform, leiðbeiningar um atriði sem fáir hafa á valdi sínu en eru ritmálsstaðall o.fl.

8. Ljóst er að Íslensk málnefnd hefur reynt af fremsta megni að styðja verkefni sem fram hafa komið og jafnframt koma af stað nýjum verkefnum ýmist ein eða í samráði við aðra. Einnig er ljóst af framansögðu að nefndin ásamt Íslenskri málstöð hefur uppi áform um að koma af stað ýmsum verkefnum í náinni framtíð eða á þeim tveimur árum sem eftir lifa af starfstíma stjórnar Íslenskrar málnefndar. En öll þessi verkefni krefjast fjármagns með einu eða öðru móti. Víst er að málnefnd hefur ekki það fjármagn og mun ekki hafa yfir því að ráða en með því að virkja almennan áhuga, sem er fyrir hendi í fyrirtækjum og stofnunum, mun nefndinni takast að efla mál og málvitund íslenskra málnotenda til hagsbóta fyrir íslenskt mál í íslensku samfélagi.

This document was created with Win2PDF available at http://www.daneprairie.com.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.